

REGLUGERÐ

um (2.) breytingu á reglugerð nr. 948/2000 um greiðslur almannatrygginga í lyfjakostnaði.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr.:

- a. Í stað fjárhæðarinnar „1.550“ í 1. og 2. málsl. 1. tölul. 2. mgr. kemur: 1.700.
- b. Í stað fjárhæðarinnar „3.100“ í 2. málsl. 1. tölul. 2. mgr. kemur: 3.400.
- c. Í stað fjárhæðarinnar „550“ í 1. og 2. málsl. 2. tölul. 2. mgr. kemur: 600.
- d. Í stað fjárhæðarinnar „950“ í 2. málsl. 2. tölul. 2. mgr. kemur: 1.050.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr.:

- a. Í stað fjárhæðarinnar „1.550“ í 1. og 2. málsl. 1. tölul. kemur: 1.700.
- b. Í stað fjárhæðarinnar „4.500“ í 2. málsl. 1. tölul. kemur: 4.950.
- c. Í stað fjárhæðarinnar „550“ í 1. og 2. málsl. 2. tölul. kemur: 600.
- d. Í stað fjárhæðarinnar „1.250“ í 2. málsl. 2. tölul. kemur: 1.375.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í c. lið 36. gr. laga um almannatryggingar, nr. 117/1993, öðlast gildi 1. janúar 2002.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 18. desember 2001.

Jón Kristjánsson.

Davíð Á. Gunnarsson.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Flúða.

Samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Flúða er taki gildi 1. janúar 2002.

Frá og með 1. janúar 2002 verður gjaldskrá Hitaveitu Flúða nr. 443, 20. júlí 1998 sem hér segir:

Allir liðir gjaldskrárinnar hækka um 13%.

Iðnaðarráðuneytinu, 13. desember 2001.

Valgerður Sverrisdóttir.

Þorgeir Örlygsson.